

Alþingi
Alþingishúsið
Reykjavík
nefndarsvid@althingi.is

28.01.2021
umhverfissinnar.is

**Athugasemdir við mál nr. 369
Frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð
frá umhverfis- og auðlindaráðherra**

Ungir Umhverfissinnar fagna þessu tímamótafrumvarpi ráðherra og lýsa yfir ánægju með að tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem fyrr hafa borist frá félaginu í samráðsferlinu.

Samkvæmt þjóðmálakönnunum Gallup 2011 og 2015, Félagsvísindastofnunar HÍ 2016 og 2018 og loks Gallup 2021, eru fleiri landsmenn sem styðja hugmynd að hálandisþjóðgarði en þeir sem á móti henni eru. Umræðan í samfélaginu og könnun Gallup 2021 bendir til þess að ekki ríki sama samstaða um fyrstu útgáfu þessa frumvarps. Kannannir þessar eru allar marktæku þjóðmálakannanir sem kunnugar eru félaginu um þetta mál.

(Bishop, 2020; Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2016; Gallup á Íslandi, 2021; Isaksen & Jónsdóttir, 2015; Sverrisdóttir et al., 2011).

Við teljum því að sátt ríki um tilkomu þjóðgarðs og teljum því mikilvægt að nefndin tryggi að sátt náist um þetta frumvarp með því að taka fyrir þær athugasemdir sem berast. Eftirfarandi eru tillögur og athugasemdir Ungra umhverfissinna:

3. grein

Þriðja markmið þjóðgarðsins samkvæmt 3. grein kveður á um að *auðvelda [skuli] almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist.*

Teljum við að hér megi endurorða markmiðið svo að það gæti að aðgengi án þess að spilla óbyggðaupplifun. Til dæmis:

3. Tryggja almannarétt í samræmi við gildandi lög án þess að draga úr tækifærum til að geta upplifað óbyggðatilfinningu og notið einveru og ferðafrelsis.

Þetta felur m.a. í sér að breytingar á vegum og slóðum skuli uppfylla strangar kröfur um að rýra ekki sérstöðu svæðisins, á sama tíma og staðið er vörð um rétt almennings til umgengni um svæðið.

Að auki má benda til skýrslu ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra um þolmörk ferðamennsku sem lögð var fyrir Alþingi á 148. löggjafarþingi 2017–2018. Þar segir að

“Sem dæmi má nefna að heimsóknum getur fjölgað ef samgöngur að áfangastað eru bættar eða ef umfjöllun á netmiðlum verður til þess að skyndilega verður lítt þekktur staður vinsæll eða heimsóknarfjöldi stóreykst skyndilega, eins hefur nýlega gerst t.d. við Brúarárfoss og í Fjaðrárgljúfri. Slíkt getur verið áskorun fyrir verndun viðkvæmra staða, gæði upplifunar af þeim og þar með orðspor staðanna og landsins alls sem ferðamannalands”

Það er því varasamt markmið að auka aðgengi almennings.

7. grein

Við mælumst til þess að getið sé í lögum að formenn umdæmisráða sitji í stjórn þjóðgarðsins fyrir hönd umdæmisráðsins og beri þannig skyldu til að fylgja ályktunum umdæmisráðsins á stjórnarfundum þjóðgarðsins. Mæla því Ungir umhverfissinnar fyrir viðbótinni sem er feitletruð í eftirfarandi textabroti úr 7. grein:

Í stjórn Hálandisþjóðgarðs, sem ráðherra skipar, sitja ellefu fulltrúar, sbr. þó 3. Mgr.:

*1. Sex fulltrúar sveitarfélaga, einn frá hverju rekstrarsvæði þjóðgarðsins. Fulltrúi hvers rekstrarsvæðis skal tilnefndur sameiginlega af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem tilheyra viðkomandi rekstrarsvæði úr hópi fulltrúa þeirra í umdæmisráði. **Fulltrúar þessir sitja í stjórn fyrir hönd umdæmisráðs síns.***

Ungir umhverfissinnar hafa einnig haft ýmsar spurningar um **24.** og **28. grein** laganna um vald þjóðgarðs- og land-varða til að loka fyrir umferð fyrirvaralaust stafi hætta að og stöðva umferð einstaklinga brjóti þeir reglur þjóðgarðsins á einhvern hátt. Eftir að hafa kynnt sér málið frekar vilja Ungir umhverfissinnar koma á framfæri að fari einhver of frjállega með vald sitt er vert að nefna rétt einstaklingsins til þess að kæra slíkar lokanir til úrskurðarnefndar umhverfismála sem úrskurðar þá um hvort lokun sú sé réttmæt.

Virkjanakostir 3. áfanga Rammaáætlunar


Við viljum ítreka að til að halda í verndun þeirra virkjanakosta sem Rammaáætlun hefur sett í verndarflokk, er mikilvægt að hrófla ekki við því lýðræðislega verkfæri sem Rammaáætlun er og höfum því ekki athugasemdir við þann hluta frumvarpsins.

Að lokum

Ungir umhverfissinnar hafa fylgst með málinu þróast í langan tíma og telja það mikinn sigur fyrir íslenska náttúruvernd og komandi kynslóðir gangi frumvarpið eftir í þeirri mynd sem mest samstaða ríkir um. Að okkar mati er núverandi fyrirkomulag svæðisins þar sem skipulagsvaldið liggur að hluta til í forsætisráðuneytinu óviðunnandi þar sem það einkennist af stefnuleysi og lítilli vöktun og fræðslu til ferðamanna.

Ungir umhverfissinnar óska eftir því að fá að koma fyrir nefndina.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna



Þorgerður María Þorbjarnardóttir
Formaður, s. 8958894

Heimildir:

Bishop, M., (2020). Public Views on the Central Highland National Park - conditions for a consensus among recreational users. Master's thesis, Faculty of Life and Environmental Sciences, University of Iceland, pp. 124. <https://skemman.is/handle/1946/35926>

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2016). Þjóðmálakönnun unnið fyrir faghóp um samfélagsleg áhrif virkjana. <https://www.ramma.is/media/faghopur-3/Samfelagsleg-ahrif-virkjana.pdf>

Gallup á Íslandi. (2021). Fleiri andvígir en fylgjandi frumvarpi um hálendisþjóðgarð. <https://www.gallup.is/frettir/fleiri-andvigir-en-fylgiandi-frumvarpi-um-halendisthiodgard/>

Isaksen, G. R., & Jónsdóttir, E. D. (2015). Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands – Hálendisverkefni. Gallup, 1-8. <https://www.mbl.is/media/55/8755.pdf>

Sverrisdóttir, J. K., Árnason, J. K., & Þorvaldsson, M. (2011). Náttúruverndarsamtök Íslands – viðhörf á til þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Capacent Gallup, 1-4. <https://www.mbl.is/media/16/3916.pdf>